

Námsáætlun-Leiklist

6.bekkur 2015-2016

Helstu viðfangsefni

Á haustönn eru verkefni nokkur. Ýmsir leikir, spunar, hlutverkaleikir og hópefli. Við byrjum svo á að vinna með þjóðsögu/ævintýra þema þar sem að valdar verða sögur sem henta hópnun. Söguleikhúsið er einnig á dagskrá þar sem nemendur þjálfast í að leika ýmsar persónur, segja sögur og og tjá tilfinningar. Undirbúningur fyrir skógarleikritið fer svo í gang seinna í haust þar sem nemendur vinna með handrit að leikriti og þróa senur út frá því. Kvikmyndaleikur og persónusköpun í anda Chaplins verður líka skoðaður. Margt fleira ber á góma eins og útvarpsleikhús, grímuleikur o.fl.

Á vorönn fer svo undirbúningur á fullt fyrir skógarleikritið þar sem allur 6 bekkur sýnir í Grendarskógi Grafarvogs, leikgerð af Ronju Ræningjadóttur 2 og 3 júní. Til undirbúnings á sýningunni Ronju Ræningjadóttur telst td. Senuvinna, raddmyndun, sviðstækni, sviðsbardagalist o.fl.

Kennslutilhögun

Innlagnir verkefna, hópefli, traustleikir, leiktækni, hlustun og spunaleikir verða helstu vinnuaðferðirnar. Lögð er áhersla á að nemendur geta unnið sjálfstætt og að þeir læri að bera virðingu fyrir öðrum í bekknum. Hópavinna er einnig mikilvæg þar sem að allir geta unnið saman.

Námsmat

Einkunn er gefin í lok annar. Tekið er mið af sjálfstæði, frumkvæði, sköpun, vinnusemi, áhuga, vandvirkni og viðhorfi.